

Skipulags- og umhverfisnefnd, fundur nr. 36

Dags. 19.9.2012

Skipulags- og umhverfisnefnd - 19.09.2012

36. fundur.

19. september 2012 kl 10:00 -12:00

Fundarstaður: Kjarni

Fundarmenn:

Ásvaldur Ævar Þormóðsson, form.

Árni Pétur Hilmarsson

Þórunn Jónsdóttir

Hörður Þór Benónýsson

Guðrún Tryggvadóttir

Starfsmenn:

Bjarni Reykjálín, skipulagsfulltrúi

(fundarritari)

1. Brekka, Aðaldal. Deiliskipulag ferðaþjónustusvæðis

S20120801

Tekið fyrir að nýju erindi dags 20 ágúst 2012 frá Benedikt Björnssyni arkitekt, f.h. Reynis Baldurs Ingvasonar kt. 051155-2469, Brekku 641 Húsavík þar sem óskað er eftir því að tillaga að deiliskipulagi ferðaþjónustusvæðis og íbúðarbyggðar í landi Brekku í Aðaldal verði tekin til meðferðar skv.1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Meðfylgjandi eru deiliskipulagstillögur fyrir svæði A og B ásamt greinargerðum eftir Benedikt Björnsson. Ný endurbætt gögn móttokin 13. september.

Deiliskipulagstillagan var kynnt á almennum kynningarfundum í Brekku, föstudaginn 14. september s.l. skv. 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að skipulagsfulltrúa verði heimilað að auglýsa deiliskipulagstillöguna skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þegar fullnægjandi gögn hafa borist.

2. Hólkot, Reykjadal. Umsókn um stofnun lóða.

S20120804

Erindi dags 17. ágúst 2012 frá Guðrúnu, Evu Ásrúnu, Valdísi og Dóru Þórdísi Albertsdætra, eigenda 50% jarðarinnar Hólkots í Reykjadal, þar sem þær sækja um að stofnuð verði 0,5 ha lóð undir sumarbústað í þeirra eigu í landi Hólkots. Einnig sækja þær um að stofnuð verði önnur 1,0 ha sumarhúsaloð í sama landi. Meðfylgjandi eru hnitsettir lóðauppdrættir frá Búgarði (GHG) og samþykki Stefáns Þórissonar meðeiganda að 50% eignarhlut jarðarinnar.

Ákvæði í Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022 heimila stofnun þriggja frístundalóða á hverju lögbýli. Nú þegar er búið að stofna tvær lóðir á lögbýlinu og getur skipulags- og umhverfisnefnd því ekki heimilað nema stofnun einnar lóðar til viðbótar. Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að umsækjendum verði heimilað að skrá 0,5 ha lóð undir núverandi sumarbústað og byggingarfulltrúa verði falið að annast skráningu lóðarinnar.

3. Ártún, Köldukinn, Þingeyjarsveit. Umsókn um stofnun lóða.

S20120805

Erindi dags 28. ágúst 2012 frá Klemensi Sigurgeirssyni, kt. 260928-3689, Ártúni, Köldukinn, eiganda fasteignarinnar Ártúns þar sem hann óskar eftir að stofnuð verði 5.559 m² lóð undir fasteignina. Meðfylgjandi er hnitsettur lóðaruppdráttur frá Búgarði (GHG) og yfirlýsing vegna sölu jarðarinnar frá 12. október 2007.

Í framangreindri yfirlýsingu sem er fylgiskjal með umsókninni kemur fram að ágreiningur sé um landamerki við nágretta að Fitum. Skipulags- og umhverfisnefnd getur því ekki samþykkt erindið fyrir en aðilar hafa komið sér saman um málalýktir.

**4. Breiðumýri, Reykjadal. Umsókn um framkvæmdaleyfi.
S20120901**

Erindi dags 17. september frá Friðgeiri Sigtryggsyni, kt 310359-4329, Breiðumýri 1, þar sem hann sækir um framkvæmdaleyfi til malarnáms úr farvegi Seljadalsár í landi Breiðumýrar 1. Um er að ræða ca. 10.000 m³ til næstu 5 ára og ekki verði tekið meiri mól en sem nemur framburði árinna hverju sinni og með þeim takmörkunum að hún breyti ekki farvegi árinna umfram það sem náttúrulegar breytingar hafa í för með sér.

Malarnám úr árfarveginum hefur verið stundað um áraraðir bæði vegna þess að hér er um mjög gott efni að ræða og auk þess kemur það í veg fyrir að áin fljóti yfir bakka sýna með tilheyrandi umhverfisspjöllum.

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að framkvæmdaleyfið verði samþykkt með þeim fyrirvörum og skilmálum sem fram koma í umsókninni þ.e.að ekki verði tekin meiri mól en sem nemur framburði árinna hverju sinni og malartekja breyti ekki farvegi árinna umfram það sem náttúrulegar breytingar hafa í för með sér.

**5. Árteigur, Köldukinn, Þingeyjarsveit. Umsókn um stofnun lóðar.
S20120902**

Erindi dags 18. september 2012 frá Eiði Jónssyni, f.h. Sigurgeirs Jónssonar kt. 260852-2059 landeiganda Árteigs, Köldukinn, þar sem hann óskar eftir að stofnuð verði lóð úr landi Árteigs fyrir flugskýli skv. meðfylgjandi er hnitsettur lóðarupprætti frá Búgarði (GHG) dags 14. september 2012.

Tillaga að bókun:

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að erindið verði samþykkt og byggingarfulltrúa verði falið að stofna lóðina þegar viðkomandi aðilar hafa skilað inn undirrituðu samþykki sínu fyrir þessari breytingu. Vakin er athygli á því að sækja þarf sérstaklega um flutning á flugskýli til skipulags- og umhverfisnefndar sem mun ákveða málsmeðferð þegar þar að kemur.

Fundi slitið.